

Nýir tímar

Aukin áhersla á hæfni og læsi í grunnskólum

Nýtt einkunnakerfi

Þjóðarsáttmáli um læsi

Samræmd könnunarpróf





Útgefandi

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4 / 105 Reykjavík

Sími 545 9500

postur@mrn.is
menntamalaraduneyti.is

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
2016

ISBN 978-9935-436-61-0



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nýir tímar

Það er gömul saga og ný að þegar finna á lausnir á flóknum viðfangsefnum nútímans beinist umræðan fljótt að því hvernig unnt er að bæta menntun ungs fólks. Á nýrri öld eru viðfangsefnin vissulega ærin. Má þar nefna loftslagsbreytingar, hraða tæknipróun, breytingar í efnahagslífi, nýjar kröfur um lýðræðislega þátttöku, hræringar á alþjóðlegum vettvangi og fólksflutninga.

Við lifum á tímum mikilla breytinga og ungt fólk stendur frammi fyrir áður óþekktum viðfangsefnum. Störf eru að breytast eða leggjast af og ný að verða til samfara hröðum tæknibreytingum. Loftslagsbreytingar, nýjar kröfur um lýðræðislega þátttöku og hræringar á alþjóðlegum vettvangi eru önnur dæmi um aðstæður sem taka þarf afstöðu til í nútíma samfélagi. Við slíkar kringumstæður hefur hefðbundin þekking sem mæld er með tölulegum mælikvörðum á prófum takmarkað

á samræmdum könnunarprófum og innleiðing rafrænna prófa. Með þeim aukast möguleikar á þróun samræmdra prófa þar sem lagt er mat á fjölbreyttari hæfni nemenda.

Til að nemendur nái að tileinka sér ólíka hæfni hlýtur grundvöllurinn að vera að þeir geti lesið sér til gagns og þroskað lestrarkunnáttu sína. Með Þjóðarsáttmála um læsi hafa ríki, sveitarfélög og samtök foreldra tekið höndum saman um

Þær breytingar sem nú eiga sér stað í íslensku menntakerfi eru umfangsmiklar

gildi. Annað og meira þarf til. Því er það sammerkt í menntastefnu margra landa að lögð er áhersla á að efla hæfni nemenda. Hæfni felur ekki einungis í sér að hafa öðlast þekkingu á einhverju heldur einnig að kunna að beita henni og þroska með sér dómgreind til að geta beitt þekkingunni með viðeigandi hætti við ólíkar aðstæður.

Þeirrar tilhneigingar gætir stundum að nóg sé að móta nýja stefnu líkt og hún muni einhvern veginn komast til framkvæmda af sjálfu sér. Því er auðvitað ekki þannig farið; sjálf stefnubreytingin leiðir ekki til framfara heldur hvernig tekst að vinna úr henni og innleiða hana á vettvangi. Í þessum bæklingi er lýst nokkrum aðgerðum sem styðja eiga við innleiðingu hæfni í námi og kennslu hér á landi. Með nýjum matskvarða og bókastafaeinkunnum eru stigin skref til að meta hæfni fremur en þekkingu eða kunnáttu eina og sér. Einnig eru kynntar væntanlegar breytingar

að bæta læsi íslenskra barna. Íslendingar hafa löngum talið sig vera bókmenntaþjóð og margt í íslensku samfélagi og menningu styður við lestur. En lestrarkunnáttu kemur ekki af sjálfu sér. Hana þarf stöðugt að rækta og nýta til þess bestu tæki, próf og viðeigandi kennsluhætti.

Allir sem starfa að skólamálaþingum þurfa stöðugt að velta fyrir sér hvernig best verður komið til móts við þarfir nemenda og tryggt að þeir hljóti þá bestu menntun sem þeir eiga rétt á. Nemendur þurfa að vera í stakk búnir til að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun og aðlagast hratt breyttum aðstæðum, tíðaranda og tækniframförum. Við þurfum að horfa fram á veginn og velta fyrir okkur hvað það er sem skiptir mestu máli, hvernig við búum börnin okkar best í haginn til að þau geti staðið á eigin fótum í þessu landi og skapað sér farsæla framtíð.



Nýtt einkunnakerfi

Í nýrri aðalnámskrá frá 2011 er lögð áhersla á hæfni nemenda. Löndin í kringum okkur hafa eða eru að breyta sínum námskrám þannig að hæfni nemenda sé í öndvegi.

Hvað er átt við með hæfni?

Til að takast á við nám og störf í framtíðinni þurfa nemendur ekki bara að kunna, þeir þurfa líka að geta. Skólanum er ætlað að búa nemendum þannig námsumhverfi og verkefni að þeir fái tækifæri til að þjálfa sig í að nýta kunnáttu sína. Þeir þurfa að læra að mynda sér skoðun, rökstyðja, vinna með öðrum, útskýra, skipuleggja og framkvæma. Áhersla á hæfni nemenda kallar á fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir sem ýta undir sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og gagnrýna hugsun.


Af hverju bókstafseinkunn?

Áherslan á hæfni kallar á fjölbreytt námsmat sem tekur til allra ofangreindra þátta. Stóra breytingin er sú að nú eru birtar lýsingar á því hvað hver einkunn þýðir. Þessi lýsing kallast matsviðmið. Matsviðmiðin auka samræmi í einkunnagjöf milli

mismunandi skóla og eru því sanngjarnari fyrir nemendur. Einkunnakvarðinn er viðmiðabundinn og ætti því ekki að reikna út meðaltal einkunna, nota hlutfall eða varpa tölum í bókstafi. Til að auðvelda yfirfærslu í nýtt einkunnakerfi hefur ráðuneytið sett fram sniðmát að samræmdu einkunnaskírteini við lok grunnskóla.

Skólar eru hvattir til að horfa á unglíngastigið heildstætt þannig að strax í 8. bekk sé litið til matsviðmiða 10. bekkjar. Hægt er að hugsa sér bókstafina eins og tröppur sem nemandinn klífur á leið sinni í gegnum unglíngastigið. Hæfni nemenda getur þannig færst úr C- hæfni í B eða A eftir því sem hann nær betri tókum á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok 10. bekkjar. Það er á ábyrgð skóla að útskýra forsendur einkunnagjafar.

Áherslan á hæfni er í takti við breyttar áherslur í menntamálum víða um heim



Einfaldast er að hugsa einkunnirnar A, B, C og D sem tröppur sem krefjast sífellt flóknari hæfni innan sömu námsgreinar og námssviðs.

Stjörnumerktar einkunnir

Nemandi sem stundar nám að fullu eða að hluta eftir einstaklingsnámskrá í samræmi við metnar sérþarfir og er því ekki metinn samkvæmt matsviðmiðum aðalnámskrár fær stjörnumerkt einkunn, þ.e. A*, B*, C* og D*.

Bókstafseinkunnir í öllum skólum

Öllum skólum er skylt að nota kvarðann frá og með vori 2016. Skólar hafa faglegt frelsi til að útfæra námsmatid en þurfa að geta rökstutt hverja einkunn og útskýrt hvað liggur að baki henni.

Dæmi um matsviðmið fyrir einkunnina B í íslensku

Einkunnin B í íslensku lýsir góðri hæfni og er gert ráð fyrir að meginþorri nemenda nái henni. Einkunnin B þýðir að nemandi:

- geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.
- hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, notið myndefnis, leiknis efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.
- lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
- beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt.
- beitt stafsetningu og greinarmarkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta.



Hulda Karen Ingvarsdóttir

Við lesum á hverjum degi í 15 mínútur og það er mismunandi í hvaða tímum. Nú erum við í 9. bekk í lestrarhópum að lesa mismunandi bækur. Hver hópur er með sömu bók og þegar við erum búin ræðum við um hana.

Síðuskóli Akureyri



Með því að birta matsviðmið í aðalnámskrá, eins og gert er í bókstafakvarðanum, leggja allir grunnskólar sömu lýsingu á hæfni til grundvallar einkunnagjöf við lok 10. bekkjar.

Að gefa einkunn

Ákveðnir hæfniþættir geta skipt meira máli en aðrir þegar lokaekunn er ákveðin. Gera má ráð fyrir að þau verkefni skólastarfsins sem tengjast mörgum matsviðmiðum vegi þyngra en verkefni sem tengjast fáum. Sá tími sem fór í kennsluna getur einnig haft áhrif á vægið og hversu miklar hæfnikröfur viðkomandi verkefni gera til nemandans. Eftir að kennari hefur tekið afstöðu til vægis matsviðmiða á þessu stigi gerir hann heildrænt mat og gefur einkunn A, B+, B, C+ eða C.

Bæði samkvæmt gömlu og nýju námskránni ráða grunnskólar hvaða námsbækur eru kenndar, í hvaða röð námsefnið er kennt og hvernig námsmat fer fram. Breytileiki getur verið bæði milli skóla og kennara.

Með því að birta matsviðmið í aðalnámskrá, eins og gert er í bókstafakvarðanum, leggja allir grunnskólar sömu lýsingu á hæfni til grundvallar einkunnagjöf við lok 10. bekkjar. Þannig eykst samræmið, einkunnagjöfin verður sanngjarnari og gegnsærri.

Skráningarblað sem skólar geta nýtt til að meta einkunn við lok grunnskóla. Kennarinn fyllir út fyrir nemandann þá hæfni sem hann býr yfir.

ÍSLENSKA 8. – 10. bekkur

Framvinda með hliðsjón af hæfni- viðmiðum í íslensku		Námsmat með hliðsjón af hæfniviðmiðum í íslensku

Matsviðmið aðalnámskrár

Matsviðmið segja til um hversu vel nemandi hefur viðkomandi hæfni á valdi sínu

C	B	A
Sæmileg hæfni og frammistaða í námi	Góð hæfni og frammistaða í námi	Frammúrskarandi hæfni og frammistaða í námi
Nemandi getur flutt mál sitt sæmilega skýrt og nokkuð áheyrilega, með áherslum sem hæfa efni og tilefni.	Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.	Nemandi getur flutt mál sitt mjög skýrt og nokkuð áheyrilega með áherslum sem hæfa efni og tilefni.
		Matsviðmið
Nemandi getur hlustað og nýtt sér að nokkru leyti upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	Nemandi getur hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	Nemandi getur hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.
		Matsviðmið
Nemandi getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram sæmilegt mat á viðkomandi efni.	Nemandi getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.	Nemandi getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á sjálfstæðan hátt rökstutt mat á viðkomandi efni.
		Matsviðmið
Nemandi getur lesið almenna texta, með sæmilegum skilningi og túlkun á efni þeirra.	Nemandi getur lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.	Nemandi getur lesið mjög vel og af öryggi almenna texta, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.
		Matsviðmið
Nemandi getur fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér nokkra grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Nemandi getur fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Nemandi getur fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýninn hátt og gert sér mjög góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
		Matsviðmið



Nikodem Júlíus Frach

Í skólanum mínum lesum við í frjálslestrarbókum á hverjum föstudegi í 40 mínútur. Við merkjum á miða hvað við lasum mikið heima og í skólanum og fáum svo einkunn fyrir það.

Grunnskóli Ísafjarðar



Jón Pétur Zimsen,
skólastjóri í Réttarholtsskóla

„Sanngjarnari kvarði“

Jón Pétur Zimsen, skólastjóri Réttarholtsskóla, segir nýja kvarðann til marks um hugarfarsbreytingu.

Einn af þeim sem þurfa að fást við nýja einkunna-kvarðann í starfi sínu er Jón Pétur Zimsen, skólastjóri í Réttarholtsskóla í Reykjavík, en þaðan útskrifast um 135 nemendur á hverju ári.

Hvernig leggst það í Jón Pétur að gefa einkunnir í bókstöfum í stað tölustafa?

Jón Pétur segir að það skipti ekki öllu máli hvort notast er við bókstafi eða einhver önnur tákn. „Það sem skiptir mig mestu máli er það sem liggur að baki kvarðanum. Breytingin felst í því að það er verið að meta hæfni, hvernig nemandinn beitir

þekkingu, ekki hversu góður hann er að þylja upp staðreyndir og muna utanbókar. Það er þetta sem ég er ánægður með.“

Innleiðing nýja matskvarðans felur auðvitað í sér mikla breytingu fyrir kennara. „Með gamla kvarðanum getur nemandi náð hæstu einkunn með því að leysa 95% verkefnanna án þess að geta t.d. fimm erfiðustu verkefna. Samkvæmt nýja kvarðanum færðu ekki A ef þú getur ekki flóknustu verkefna sem kalla á mestu hæfnina. Þessu þarf að fylgja algjör hugarfarsbreyting í skólasamfélaginu.“

Maður þarf t.d. að kunna að skipta um dekk á bíl en ekki bara geta þulið upp hvernig eigi að gera það



Pegar skólar gáfu einkunnir í tölum, gat hvað sem er legið að baki hverri einkunn

Er þetta sanngjarnara fyrirkomulag en það gamla?

„Ef allir fara eftir þessu og skoða hvaða texti liggur á bak við hvern bókstaf þá held ég að matið verði miklu samræmdara en það hefur verið þar sem samræmdur texti liggur til grundvallar í hverri grein. Í gamla kerfinu, þegar skólarnir gáfu einkunnir í tölum, gat hvað sem er legið að baki hverri einkunn. Þá var ekki samræmi í því hvort inni í einkunn væri námsefni frá síðustu þremur árum eða tveimur mánuðum, ritgerð eða ekki ritgerð, ástundun og iðni, o.s.frv.“

Jón Pétur bendir á að það séu skiptar skoðanir á nýja kerfinu, enda sé það ekki gallalaust. „En ég hef engan hitt sem getur mótmælt því að hæfnihugsjónin sé góð. Við viljum útskrifa fólk sem getur brugðist við aðstæðum. Maður þarf t.d. að kunna að skipta um dekk á bíl en ekki bara geta þulið upp hvernig eigi að gera það. Það hefur líka

verið bent á að býsna margir nemendur munu fá B, bilið verður býsna vítt og ég get tekið undir það að mörgu leyti. En B er mjög fín einkunn, í raun sú einkunn sem segir að nemandinn hafi náð öllum þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar, það er ekki lítið mál. Það er einkar mikilvægt að íslenska skólakerfið missi ekki af þessu tækifæri til þessa að gera eðlisbreytingar á kennsluháttum þar sem hæfni verður aðalmarkmiðið. Þess vegna er gott að fá nýjan viðmiðabundinn matskvarða sem byggir ekki á tölum, normaldreifingu eða hlutfalli.

Um leið er mikil ábyrgð sett er á skólana og menntamálayfirvöld að farið sé eftir kvarðanum þannig að nemendur njóti jafnræðis í námi og mati. Sá ávinningur sem þessi eðlisbreyting skólastarfs hefur í för með sér á að skila sér til allra nemenda og búa þá enn betur undir þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.“



Gylfi Jón Gylfason,
sviðsstjóri hjá
Menntamálastofnun

Nemendur hafi jafnari möguleika

Gylfi Jón Gylfason, sviðsstjóri hjá Menntamálastofnun, segir bókstafakvarðann auka gagnsæi og gæði við einkunnagjöf. Hugtakið „einkunnaverðbólga“ gæti heyrst sögunni til.

Langflestir nemendur sem útskrifast úr grunnskólum komast í þá framhaldsskóla sem þeir óska sér. Síðastliðið haust fengu 98% umsækjenda skólavist í öðrum hvorum þeirra skóla sem þeir sóttu um, þar af 85% í skóla sem þeir settu sem fyrsta val.

Þrátt fyrir það hefur mikið verið rætt um þá hörðu samkeppni sem er um að komast inn í ákveðna

hæfni. Hann segir nýtt námsmat fyrst og fremst ætlað til gefa upplýsingar um fjölbreyttari hæfni nemenda, en það getur m.a. stutt við námsval í framhaldsskólum.


„Við sjáum skýrar vísbendingar um að einkunnaverðbólga sé raunverulegt fyrirbæri,“ segir Gylfi. „Á árunum 2005 til 2010 fengu 24–27% nemenda

98% nemenda komust að í þeim framhaldsskóla sem þeir sóttu um síðastliðið haust

framhaldsskóla. Orðið „einkunnaverðbólga“ hefur komið upp í umræðunni, þ.e. að einkunnir í grunnskólum hafi hækkað og að það sé ekki samræmi í einkunnagjöf milli grunnskóla.

Gylfi Jón Gylfason hefur komið að innleiðingu á nýju námsmati þar sem lögð er megináhersla á

9 eða 10 í íslensku. Árið 2011 fór hlutfallið upp í 30% og hækkar í 34–36% árið 2014. Árið 2015 var hlutfallið komið upp í 39%. Ef við berum saman þróun einkunnagjafar við niðurstöður úr Pisa-lestrar-könnuninni endurspeglar þær ekki þessa hækkun. Eitt af því sem við vonumst til að breytist er að það dragi úr einkunnamun milli skóla.“



Hlutfall nemenda með níu eða tíu í stærðfræði og íslensku við lok grunnskóla 2005 – 2015. „Við sjáum skýrar vísbendingar um að einkunnaverðbólga sé raunverulegt fyrirbæri,“ segir Gylfi.

Skólarnir þurfa að þjálfa einstaklinga til að takast á við verkefni 21. aldar

„Meginrök fyrir þessum nýja einkunnakvarða eru að það þarf að færa áhersluna yfir á hæfni,“ segir Gylfi. „Lögd er ríkari áhersla á hvað nemandinn getur gert við það sem hann lærir, hvornig honum gengur að skipuleggja, útskýra efnið og nota hugtök.“ Þannig miði breytingarnar að því að endurspeglar þjóðfélag dagsins í dag.

„Þessar breytingar eru ekki gerðar breytinganna vegna,“ segir Gylfi. „Við lifum í samfélagi þar sem hlutirnir gerast mjög hratt, þróun í tækni er ótrúlega hröð. Við þurfum að bregðast við því og skólarnir þurfa að þjálfa einstaklinga til að takast á við verkefni 21. aldar. Það er þælingin með að auka áherslu á hæfni.“




**Ingi Ólafsson, skólastjóri
Verslunarskóla Íslands**

Flækir ekki innritun í framhaldsskóla

„Kvarðinn leggst ágætlega í okkur. Ef nemandi fékk 9 í gamla kerfinu þýddi það að hann gat svarað 90% af prófinu. Þegar nemandi fær B eða B+ í nýja kerfinu liggur nánari lýsing á hæfni og færni nemandans á bak við hvern bókstaf.“

Bæði grunnskólar og framhaldsskólar þurfa að venjast breytingunni, en eftir því sem maður skoðar málið betur sér maður að hér er á ferðinni samræmdari kvarði. Hann veldur okkur engum vandræðum við inntöku.“



Þjóðarsáttmáli um læsi


Lestrarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og bágur lesskilningur getur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri síðar meir. Það veldur miklum áhyggjum að lesskilningur hefur versnað og að við lok grunnskóla getur of stór hluti barna ekki lesið sér til gagns. Ástæðan er ekki augljós en vafalaust er um að ræða flókið samspil margra þátta og því mikilvægt að snúa vörn í sókn.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög hafa gert með sér þjóðarsáttmála um læsi. Markmiðið er að 90% barna geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Menntamálastofnun hefur umsjón með verkefninu.

Sérstakir ráðgjafar um læsi styðja við lærdóms-samfélag skóla og sveitarfélaga, halda námskeið og leiðbeina skólastjórnendum, kennurum og foreldrum um lestrarnám. Verkefnið er hugsað

til fimm ára en ætlunin er að það verði hluti af almennu skólastarfi til framtíðar.

Mikið áhyggjuefni er að niðurstöður PISA könnunarinnar á Íslandi sýni að hlutfall þeirra sem sýna hæfni á lögsta hæfniprepi hefur hækkað úr 15% árið 2000 í 21% árið 2012. Þessi hópur er ekki beinlínis ólæs en á erfitt með lesskilning og að tileinka sér námsefnið, þ.e.a.s. getur ekki lesið sér til gagns.



1/3

Næstum þriðji hver strákur getur ekki lesið sér gagns

Hlutfall stráka í 10. bekk sem ekki hafa lágmarksfærni til að geta nýtt sér texta svo gagn sé af, samkvæmt könnun PISA árið 2012.

Verkefnið er hugsað til fimm ára

Í flestum löndum er töluverður kynjamunur í lesskilningi og standa piltar verr að vígi en stúlkur. Árið 2012 gátu 12 % stúlkna og tæplega 30% stráka í 10. bekk ekki lesið sér til gagns samkvæmt PISA.

Læsi barna er samvinnuverkefni

Með Þjóðarsáttmála um læsi hafa ríki og sveitarfélög ákveðið sameiginlega að bæta læsi barna á Íslandi til framtíðar. Þar skiptir meginmáli að koma á skýrri markmiðssetningu um árangur í læsi sem fylgja þarf eftir. Framlag alls skólasamfélagsins er nauðsynlegt til að vel gangi, því með nánú samstarfi skólastjórnenda, kennara, nemenda, foreldra og annarra aðstandenda er hægt að ná góðum árangri. Bókasöfn skóla og sveitarfélaga gegna einnig mikilvægu hlutverki í þessu samstarfi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur samið við Heimili og skóla – landssamtök foreldra um aðkomu þeirra að sáttmálanum til að virkja foreldra í stuðningi við læsi barna sinna.

Foreldrar munu einnig fá stuðning og fræðslu frá skólum, skólaþjónustu sveitarfélaga og læsisteymi Menntamálastofnunar til þess að hlúa að lestrarnámi barna sinna. Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að eiga daglega lestrarstund bæði heima og í skóla alla skólagöngu sína.

Skimun og mat á læsi í grunnskólum

Til þess að meta árangur af lestrarkennslu er gott að hafa aðgang að stöðluðum matstækjum sem gefa greinagóðar upplýsingar um stöðu hvers nemanda, ásamt samræmdum lestrarviðmiðum. Að undanfögnu hefur verið unnið að gerð stöðuprófa í lestri fyrir grunnskólanemendur. Þessi próf eru stöðluð fyrir 1.–10. bekk grunnskóla og taka þau á ýmsum þáttum læsis svo sem lesfimi, lesskilningi og ritun. Stöðuprófin, sem byggja á aðalnámskrá grunnskóla, eru ekki ætluð til birtingar heldur eru þau fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir viðkomandi skóla til að bæta kennslu og koma til móts við þarfir nemenda.

Með þessum nýju prófum fá grunnskólar í hendur verkfæri til að halda utan um lestrarferil allra nemenda sinna frá 1.–10. bekk. Þannig geta þeir gefið foreldrum greinagóðar upplýsingar um stöðu nemenda í lestri og hvernig lestrarferill þeirra þróast.



Hanna Þórey Björnsdóttir

Uppáhaldsbókin mín er *Fíasól á flandri* og allar bækurnar um Fíasól. Ég held upp á hana af því Fíasól er svo skemmtileg, myndin og uppátækjasamur prakkari.

Grunnskóli Ísafjarðar

Prófin verða ókeypis til afnota fyrir alla grunn-skóla, hvort sem óskað er eftir að nota prófin í heild eða hluta þeirra. Aðgengi að prófunum er rafrænt, auk þess sem öll úrvinnsla er rafræn og boðið verður upp á mikla möguleika hvað varðar birtingu gagna fyrir skólana.

Lestur er á ábyrgð okkar allra

Lestarnám barna er á ábyrgð okkar allra. Við verðum öll að leggja okkar af mörkum til þess að lestur verði börnum til yndis og ánægjuauka. Lestur

er góð leið til að auka orðaforða barna en góður orðaforði er ein undirstaða lesskilnings. Lestur er lykill að þekkingu og til að ná tökum á lestri þurfa nemendur að þjálfa lestur. Lestur er tækifæri fyrir foreldra og forráðamenn til að eiga gæðastundir með börnum sínum. Í gegnum lestur gefst tækifæri til samræðu við börn um margvísleg málefni. Finnum bækur sem höfða til áhugasviðs barna og ungmenna. Lesum þær saman, lesum til skiptis. Ræðum saman um bækurnar, sköpum ánægjulega samveru með börnunum okkar.



Á haustdögum 2015 rituðu fulltrúar allra 74 sveitarfélaga landsins, mennta- og menningarmálaráðherra og forsvarsmenn Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra undir Þjóðarsáttmála um læsi.

Í júlí, áður en hringferðin hófst, var sent hvatningarbréf til allra bæjar- og sveitarstjóra. Þar stóð m.a.: „Þeir sem undirrita þetta bréf eru sammála um mikilvægi Þjóðarsáttmála um læsi og að markmiðum Hvítbókar um læsi verði náð. Þeir vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar að vel takist til og að allir landsmenn taki höndum saman um verkefnið.“


Mennta og menningarmálaráðherra


Samband íslenskra sveitarfélaga


Kennarasamband Íslands


Heimili og skóli
landssamtök foreldra



Viktor Ármannsson

Syrpur eru uppáhalds. Vegna þess að þær eru myndasögur og mér finnst þær skemmtilegar.

[Krikaskóli Mosfellsbæ](#)



Ólína Thoroddsen, skólustjóri
Grunnskóla Seltjarnarness
ásamt nemendum

„Fer vel af stað“

Grunnskóli Seltjarnarness hefur notið aðstoðar læsisteymis Menntamálastofnunar í vetur.

„Hér á Seltjarnarnesi er markmiðið að gera heildstæða lestrarstefnu fyrir skólana undir forystu fræðsluskrifstofnunar. Við höfum í vetur starfað með læsisteymi Menntamálastofnunar, sem byrjaði á að hitta skólustjórnendur og kynna sér hvernig lestrarkennslu skólans hefur verið hagað. Í framhaldinu var skipulagður sameiginlegur fræðsludagur leik- og grunnskóla, þar sem starf teymisins var kynnt, hlýtt var á fræðsluerindi og unnið í málstofum. Skoðaðar voru nýjar skimanir og próf, foreldrasamstarf og fleira. Hér á Seltjarnarnesi eru leikskólinn og grunnskólinn í samstarfi í þessum málum og eins mun Bókasafn Seltjarnarness vinna með okkur. Læsissteymið gat gefið mjög góð ráð hvað varðar þessa samvinnu.“

Nú í vor verður haldið námskeið fyrir foreldra sem fulltrúar úr læsisteyminu munu stýra. Þar verður fjallað um hvernig heimilin geta aukið lestraráhuga og lestrarnám á heimilinu. Við leggjum mjög mikla áherslu á að foreldrar komi að þessu með okkur.“

Ný próf gleðiefni

„Við hér í Grunnskóla Seltjarnarness tókum þátt í að forprófa þau lesfímipróf sem verið er að búa til. Við fögnum því að fá stöðluð lesfímipróf til að nota, því við höfum verið að styðjast við mjög gömul próf, sérstaklega á eldri stigum.“

En auðvitað er ekki nóg að skima heldur er mjög mikilvægt að vinna með niðurstöðurnar og grípa inn í þar sem þörfin er og nota þær sem hvatningu til þess að gera betur. Skólinn mun taka þátt í framhaldsvinnu varðandi stöðlun lestrarprófa Menntamálastofnunar.

Grunnskóli Seltjarnarness er kominn vel af stað með Þjóðarátakið. Við höfum í vetur verið að kynnast þessu en ætlunin er að allt verði komið á fullt næsta vetur. Enda stefnum við hér ótrauð að þessu markmiði, að 90% nemenda í lok tíunda bekkjar geti lesið sér til skilnings.“

Nú í vor höldum við námskeið fyrir foreldra sem fulltrúar úr læsisteyminu munu stýra



**Hrefna Sigurjónsdóttir,
framkvæmdastjóri
Heimilis og skóla**

Lestur er lífsgæði

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eru einn þeirra aðila sem koma að þjóðaráttaki um læsi. „Með aðkomu okkar að áttakinu viljum við leggja áherslu á þátt foreldra og staðfesta að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu“ segir Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna.

„Í framhaldi af aðkomu okkar að þjóðaráttakinu gerðu Heimili og skóli og mennta- og menningar- málaráðuneytið með sér samning í janúar þess efnis að við myndum útbúa læsissáttmála. Markmiðið með honum er að virkja foreldra í lestrar- námi og þjálfun barna sinna. Hugmyndin byggir á foreldrasáttmálanum sem við höfum boðið upp á í nokkur ár. Foreldrar skrifa þá undir sérstakan samning við skólann um læsiskennslu barnsins og svo er hann hengdur upp á vegg í skólstofu þess. Til að eiga gott samstarf við foreldra þarf að ná til þeirra og reyndar held ég að þeir séu mjög meðvit- aðir um þetta mál. Það er búið að ræða mikið um læsi í samfélaginu.“

Þáttur foreldra

„Málþroski barna hefst auðvitað strax í vöggju og lestrarkennslan sjálf hefst svo þegar við lesum fyrir börnin okkar. Það er best að gera það bara frá blautu barnsbeini. Þá er líka mikilvægt að vera góð fyrirmynd og lesa sjálf fyrir framan börnin. Auðvitað er áriðandi að sýna námi barna sinna áhuga og hlusta á þau lesa. Við höfum talað um lágmarkið 15 mínútur á dag. Það er gott að hlusta lengur en við hljótum öll að geta séð af korteri. Og svo skiptir máli að viðhalda færni barnsins. Við hvetjum því foreldra til að vinna með skólan- um og fylgja náminu eftir þegar börnin fara í frí, að hlusta á þau lesa. Það þarf ekki að vera kvöð.“



Málþroski barna hefst auðvitað strax í vögggu og lestrarkennslan sjálf hefst svo þegar við lesum fyrir börnin okkar.

Eins skiptir máli að hafa lesefni aðgengilegt og leyfa börnum að velja. Það er líklegra að börn lesi ef þau hafa gaman af efninu. Við bendum líka á bókasöfnin og að bókasafnsskírteini eru ókeypis fyrir börn. Börnum gengur að sjálfsögðu misvel að lesa og það er mikilvægt að leita aðstoðar ef hægt gengur. Þótt barn þurfi að hafa meira fyrir hlutunum er ekkert ómögulegt. Þegar börn eru af erlendu bergi brotin er mikilvægt að foreldrarnir lesi líka á þeirra eigin tungumáli til að hlúa að máltöku og málþjálfun. Og gleymum því ekki að í þessu öllu saman er fullt af tækifærum. Það getur verið mjög notaleg samverustund að lesa saman.“

Snjalltæki – bækur

„Það þarf að setja tímamörk á notkun snjalltækja. Sá sem eyðir löngum tíma í tölvunni á hverjum degi hefur oft ekki nægan tíma aflögu fyrir nám, tólmstundir og annað. Við höfum líka lagt til að krakkar séu ekki með snjalltæki við matarborðið eða í herberginu sínu þegar á að fara að sofa. Foreldrar þurfa að vera óhræddir við að hafa viðmið og reglur þegar kemur að notkun snjalltækja. Oft er gott að ræða svona hluti fyrir fram og gera samning við barnið. Og gleymum því ekki að lestur er spurning um velferð. Sá sem er ekki vel læs mun að öllum líkindum búa við skert lífsgæði.“



Puríður Kristín Þorsteinsdóttir

Ég er að lesa bókina *Prettán ástæður* eftir Jay Asher. Mér finnst þetta alveg ágæt bók, þó að ég sé ekki komin mjög langt, hún heldur manni vel við efnið og mann langar vita hvað gerist næst og hvernig hún endar.

[Grunnskóli Ísafjarðar](#)

Ný samræmd próf

Samræmd könnunarpróf veita nemendum, foreldrum og kennurum mikilvægar upplýsingar um stöðu nemenda í náminu. Þau eru lögð fyrir þrisvar á grunnskólagöngu hvers nemanda, í 4. og 7. bekk og á unglingastigi. Tvær meginbreytingar verða nú á samræmdum könnunarprófum.

Aukin áhersla á hæfni með rafrænum prófum
Í framtíðinni verða prófverkefni fjölbreyttari og hæfnimiðaðri en nú er. Með því að prófin verða rafræn aukast möguleikar í framsetningu mikið

nýta niðurstöðurnar til að bregðast við og móta áherslur í áframhaldandi námi í 10. bekk grunnskóla og gera áætlanir til framtíðar. Einnig fá foreldrar, nemendur og skólar með

Nemendur í 10. bekk skólaárið 2016 – 2017 taka samræmd könnunarpróf vorið 2017

og unnt er að sníða prófin að ólíkum þörfum nemenda, t.d. vegna lesblindu eða annarra þátta sem geta haft áhrif á próftöku. Einnig er hægt að laga prófin að ólíkri námsstöðu nemenda þannig að allir þreyti ekki sama prófið heldur leysi einungis verkefni sem gefa mynd af getustigi þeirra.

Samræmd könnunarpróf verða framvegis lögð fyrir á vorönn 9. bekkjar í stað 10. bekkjar
Með því að færa samræmd könnunarpróf frá 10. bekk til 9. bekkjar gefst aukið svigrúm til að

prófunum viðbótarupplýsingar til að meta hvort viðkomandi nemandi búi yfir nægilegri hæfni til að innritast beint í framhaldsskóla að loknum 9. bekk. Samkvæmt ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er foreldrum heimilt að óska eftir því að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið.

Í aðalnámskránni eru sett viðmið um verklag og forsendur við mat á slíkum óskum.

2016



September 2016

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði lögð fyrir í 4. og 7. bekk.

Könnunarpróf ekki lögð fyrir í 10. bekk.

2017



Mars 2017

Samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði lögð fyrir bæði í 9. og 10. bekk.

2018



Mars 2018

Samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði lögð fyrir í 9. bekk.



Bergur Unnar Unnsteinsson

Ég er núna að lesa Eragon, bók númer fjögur, og ég er búinn að lesa hinar þrjár. Þetta er ævintýrabók þar sem það góða reynir að vinna það illa.

Síðuskóli Akureyri



Ágætu nemendur og foreldrar

Í þessum bæklingi eru kynnt nokkur skref sem miða að því að gera skólakerfið sveigjanlegra, betra og færa það nær þörfum 21. aldarinnar.

Í fyrsta lagi viljum við tryggja betur undirstöður námsins og gera allt sem í okkar valdi stendur til að öll börn nái sem fyrst góðum tókum á lestri. Við höfum því sett af stað átak í samvinnu við öll sveitarfélög, kennara, skólastjórnendur og foreldrafélög. Enginn vafi er á því að á komandi árum mun þessi vinna skila miklum árangri í formi betri menntunar.

Í öðru lagi skiptir færni og þekkingu jafn miklu máli og áður en nú er lögð meiri áhersla á að nemendur nái tókum á því að nota færni sína og þekkingu og sýni að þau búi yfir færni til að leysa ýmis verkefni. Með aukinni áherslu á hæfni nemenda var nauðsynlegt að ráðast í breytingar á einkunnaskalanum og eru þær breytingar útskýrðar í þessum bæklingi. Ég er sannfærður um að þessi áhersla á hæfni nemenda mun skila

á því að mæla hæfni nemenda á nýjan og betri hátt. Þannig gefst betra tækifæri og tími til að bregðast við niðurstöðum þeirra. Mikil umræða hefur verið um sveigjanleg skil á milli skólastiga. Tímasetning prófanna í lok níunda bekkjar dregur fram þann möguleika að nemendur geti sýnt að þeir séu hæfir til að hefja nám á framhaldsskólastigi ári fyrr. Þetta nýja fyrirkomulag er mikilvægt og jákvætt innlegg í þá umræðu og verður spennandi að fylgjast með hvernig það mun þróast á næstu árum.

Það samfélag sem bíður barna á leik- og grunnskólastigi mun að öllum líkindum gera miklar og fjölbreyttar kröfur. Fyrirséð er að hlutfallslega færri verða á vinnumarkaði, fleiri munu þurfa öldrunarþjónustu, heilbrigðiskerfið verður dýrara og svo mætti lengi telja. Til þess að börnin okkar

Til þess að börnin okkar fái risið undir þeim kröfum sem að þeim munu beinast er nauðsynlegt að þau fái úrvalsmenntun.

börnum okkar betur undirbúnum út í samfélagið og gera þeim kleift að bregðast við þeim miklu og öru breytingum sem framundan eru.

Í þriðja lagi er nýtt fyrirkomulag samræmdra prófa hluti af þessum breytingum. Með því að hafa prófin rafræn skapast spennandi möguleikar

fái risið undir þeim kröfum sem að þeim munu beinast er nauðsynlegt að þau fái úrvalsmenntun. Íslenska menntakerfið verður að standa jafnfætis því besta sem þekkist. Einungis þannig getum við áfram byggt upp samfélag sem stenst samanburð við þá sem fremst standa.

Illugi Gunnarsson



Foreldrar og nemendur geta nálgast frekari upplýsingar um námsmat og námskrá grunnskóla á vefjum mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntamálastofnunar.

Bent er á að framhaldsskólar geta sett inntökuskilyrði á ákveðnar námsbrautir eða ákveðna námsáfanga. Á vefsvæðum skóla eru birt viðmið um inntöku nemenda út frá bókstafseinkunnum.

Einnig er vakin ahugli á ýmsu útgefnu efni um þau mál sem eru til umfjöllunar í blaðinu og finna má á netinu:

Hvítbók um umbætur í menntun

Þjóðarsáttmáli um læsi – kynningarbæklingur

Breytt einkunnagjöf – kynningarbæklingur fyrir foreldra/forráðamenn og nemendur 10. bekkjar grunnskóla

Að gefa lokaeinkunn í grunnskóla eftir nýjum matskvarða – kynningarbæklingur fyrir kennara